
EINKALEYFA- OG VÖRUMERKJASKRÁ

Lindargötu 9 — 150 Reykjavík — Sími (91) 60 9450

Patent- and Trademark Office — Ministry for Industry — Lindargötu 9 — IS-150 Reykjavík - Iceland

Tilv. vor

Dags.

Our ref.

Date

430-89/450 28. maí 1991

Jón Ragnar Blöndal

Haðalandi 5

108 Reykjavík

MÁL:

Andmæli Íslensk-Erlenda verslunarfélagsins h.f.

gegn

skráningu vörumerkisins ICETRADER sbr. umsókn nr. 450/1989, frá Jóni Ragnari Blöndal.

ÁKVÖRDUN VÖRUMERKJASKRÁRRITARA

Málsatvik:

Hinn 12. júní 1989 tilkynnti Jón Ragnar Blöndal til skráningar vörumerkið ICETRADER. Umsóknin er nr. 450/1989. Óskað var skráningar í 35. flokk. Vörumerkið var samþykkt til skráningar og birt í Vörumerkja- og einkaleyfatíðindum þann 27. júlí 1989.

Með bréfi dags. 31. júlí 1989 andmælti Íslensk-Erlenda verslunarfélagið h.f. skráningu vörumerkisins. Andmælin eru byggð á símnefninu ICETRADE sem er eign fyrirtækisins. Ennfremur ber andmælandi að sú venja hafi skapast að nefna fyrirtækið ICETRADE í erlendum samskiptum. Andmælandi telur að um ruglingshættu sé að ræða milli fyrrgreindra heita .

Engar athugasemdir hafa borist frá tilkynnanda.

NIÐURSTAÐA:

Andmæli eru borin fram innan tilskilins frests og eru því lögmæt.

Andmælt er skráningu vörumerkisins ICETRADER fyrir vörur í 35. flokk skv. umsókn nr. 450/1989. Andmælandi er eigandi símnafnisins ICETRADE. Vörumerkjaréttur getur skapast með tvennum hætti, þ.e. með skráningu eða notkun heitis sem vörumerkis. Ekki þykir andmælandi hafa sýnt fram á notkun heitisins ICETRADE sem vörumerkis og telst heitið því ekki njóta vörumerkja-verndar.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, er óheimilt að nota nafn, firma eða nafn á fasteign annars manns sem vörumerki. Af framangreindu er ljóst að vernd 3. gr. nær ekki til símnafna.

ÞVÍ ÁKVARÐAST:

Skráning vörumerkisins ICETRADER er heimiluð.

Vörumerkjaskrárritarinn,
e.u.

Ásta Valdimarsdóttir

Afrit sent til:
Íslensk - Erlenda verslunarfélagsins h.f.
B.t. Sigurbjörns Á. Friðrikssonar
Tjarnargötu 18
Reykjavík